

Nd.

260. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Nánari ákvæði um, hvað telja skuli alvarlega, langvinna sjúkdóma, skal ráðherra setja með reglugerð.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsg. svólátandi:

Nú nýtur sjúklingur styrks úr ríkissjóði samkv. 1. málsg. þessarar greinar, og skal þá framfærslusveit hans greiða $\frac{1}{2}$ hluta kostnaðarins. Um greiðslur þessar fer samkv. ákvæðum 66. gr. framfærslulaganna.

3. gr.

Fyrir orðin „samkvæmt 4., 5. og 6. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: samkvæmt 5. gr.

4. gr.

Bráðabirgðaákvæði aftan við 13. gr. laganna orðist svo: Meðan holdsveikraspítali er starfræktur af ríkinu, skulu holdsveikir sjúklingar, sem þar eru vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs, eins og verið hefur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.